

Fundur í fjallskiladeild Rangárvallaafréttar

Staður og stund: Fundarsalur í Miðjunni Hellu 24 október 2014, kl. 20:30.

Mættir voru: Stjórn deildarinnar Ingimar Ísleifsson (formaður), Ingvar Magnússon og Ársæll Jónsson. Einnig sátu fundinn Gústaf M. Ásbjörnsson sérfræðingur landgræðslunnar og Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og var gengið til dagskrár.

1. Kosning tveggja fulltrúa í fjallskilanevnd og tveggja til vara.

Tilnefndir voru Ingvar Magnússon og Ársæll Jónsson sem aðalmenn og Viðar Steinarsson og Þórir Jónsson til vara. Samþykkt samhljóða.

2. Landbótaáætlun Rangárvallaafréttar.

Gústav Ásbjörnsson sérfræðingur hjá Landgræðslunni kynnti árangur verkefnisins. Um er að ræða um 300 ha svæði í kringum Hafrafell sem hefur verið unnið að síðan árið 2006. Svæðið er orðið nú nær algróið. Landbúnaðarráðuneyti hefur nú nýverið sett reglugerð þar sem kveðið er á um að uppfæra þurfi allar landbótaáætlanir nú fyrir næstu áramót. Búið er að framkvæma ástandsmat á afréttinum sem er nauðsynlegur grunnur en klára þarf áætlunina. Nauðsynlegt er að klára að uppfæra áætlunina og skila inn til Landgræðslunar til umsagnar fyrir 1 desember. Landgræðslan kemur áætluninni síðan áfram til Matvælastofnunar. Afrétturinn er um 90 þúsund hektarar. Þar af telst ástand afréttarins til beitar ágætt, gott eða sæmilegt á um 21.400 ha. Kröfur er gerðar um að 2/3 afréttar séu í þessum flokki til að ástandið teljist ásætlanlegt. Áfram þarf því að vinna markvisst að landbótum. Almennt er afrétturinn í framför. Ákveðið að leita eftir sérfræðihjálpi til að ganga frá landbótaáætluninni.

3. Skipulag gangna og réttarstarfa

Réttarstörf gengu einstaklega vel í haust, margt fólk sótti réttirnar og viðburðinn til sóma á allan hátt. Þetta er annað árið sem ferðamenn kaupa sig inn í fjallferðina og gekk það mjög vel. Áframhald verður á því fyrirkomulagi og reiknað með 10 manns á næsta ári í fyrstu leit og 5 í aðra leit. Samið hefur verið við Guðmund Viðarsson í Skálakoti. Rætt um að festa réttardag við þriðja laugardag í septembermánuði. Ákveðið að leggja það til við sveitarstjórn. Jafnframt var ákveðið að leggja til að réttardilkar yrðu merktir með áberandi hætti með bæjarnúmerum og nöfnum þannig að þeir sem áhuga hafa geti hjálpað til við dráttinn. Þannig verður atburðurinn skemmtilegri og meiri upplifun fyrir þá sem taka þátt.

4. Áningarhólf

Nú hefur áningarhólf við Reynifellsbrú verið aflagt og þarf því að huga að annarri lausn. Áhugaverðasti kosturinn er að koma upp ca 2 ha girðingu heima við Árbæ. Lagt er til að sveitarfélagið útvegi efni í slíka girðingu en fjáreigendur myndu sjálfir girða.

5. Önnur mál

Ekki voru önnur mál rædd formlega.

Fundargerð yfirlésinn og samþykkt
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10:00